

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 41/2007**

**frá 27. apríl 2007**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 147/2006 frá 8. desember 2006 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1609/2006 frá 27. október 2006 um leyfi til að setja ungbarnablöndur, sem eru að stofni til úr vatnsrofsefnum mysuprótína úr kúamjólk, á markað í tvö ár <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/92/EB frá 9. nóvember 2006 um breytingu á viðaukunum við tilskipanir ráðsins 76/895/EBE, 86/362/EBE og 90/642/EBE að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir kaptan, díklórvos, etíon og fólpet <sup>(3)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

XII. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 13. lið (tilskipun ráðsins 76/895/EBE), 38. lið (tilskipun ráðsins 86/362/EBE) og 54. lið (tilskipun ráðsins 90/642/EBE):  
„– **32006 L 0092**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/92/EB frá 9. nóvember 2006 (Stjtið. ESB L 311, 10.11.2006, bls. 31).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 54zzy (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 396/2005):  
„54zzz. **32006 R 1609**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1609/2006 frá 27. október 2006 um leyfi til að setja ungbarnablöndur, sem eru að stofni til úr vatnsrofsefnum mysuprótína úr kúamjólk, á markað í tvö ár (Stjtið. ESB L 299, 28.10.2006, bls. 9).“

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 89, 29.3.2007, bls. 17, og EES-viðbætur nr. 15, 29.3.2007, bls. 13.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 299, 28.10.2006, bls. 9.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 311, 10.11.2006, bls. 31.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1609/2006 og tilskipunar 2006/92/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. apríl 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. apríl 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**A. Seatter**

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.